



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 25. nóvember 2021, var samþykkt að vísa skýrslu og tillögum starfshóps um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar, til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Umsögn skóla- og frístundasviðs um skýrslu og tillögur starfshóps um ókyngreinda aðstöðu í skóla - og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar

Tillögur starfshóps um ókyngreint salerni og búningsaðstöðu á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs eru mikilvægur þáttur í að gera húsnæði aðgengilegt öllum.

Skóla- og frístundasvið bendir samt sem áður á að það þurfi að hafa í huga að það mun eflaust þurfa að endurnýja salerni í öðrum skólum og frístundahúsnæði fyrr en þau sem eru forgangslista hópsins og þá þarf að hafa í huga að þau salerni séu endurnýjuð með ókyngreindri aðstöðu í huga. Þetta getur einnig átt við um endurnýjun búningsaðstöðu húsnæðis í öðrum skólum.

Einnig má taka fram að í eldri skólum og skólum þar sem nemendafjöldi er meiri en gert var ráð fyrir í hönnun byggingarinnar getur verið erfiðara að koma fyrir fleiri rýmum og því getur kostnaður aukist mikið ef það þarf að gera ráð fyrir stærri breytingum, jafnvel viðbyggingum til að koma fyrir þeim rýmum sem þarf til að uppfylla tillögur.

Virðingarfyllt,

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar